

7. Bréf dómsmálastjórnarinnar til verzlunarfélagsins Koch & Henderson, um gufuskipsferðirnar milli Kaupmannahafnar, Færeyja og Íslands.

1867.

12. febrúar.

Í bréfi dagsettu 5. þ. m. hafið þér skýrt frá, að þér samkvæmt samningi við hið „sameinaða gufuskipafélag“ hère í bæn-um hafið selt því gufuskip yðar frá 1. janúarmán. þ. á., og hafið þér farið þess á leit, að stjórnarráðið gefi leyfi sitt til, að tæð félag gangi í yðar stað inn í samning þann, sem gjörður var milli dómsmálastjórnarinnar og yðar 13. febrúarmán. 1863.

Útaf þessu skal yður kunngjört, að eptir málavöxtum er ekkert því til fyrirstöðu af hálfu dómsmálastjórnarinnar, að hið „sameinaða gufuskipafélag“ gangi í yðar stað inn í tæðan samning, með því móti, að stjórnarnefnd optnefnds gufuskipafélags riti þetta á meðfylgjanda samning:

„Með því að dómsmálastjórnin hefir veitt samþykki sitt til, að verzlunarfélagið Koch & Henderson megi losast við skyldur þær, sem á þeim hvíla samkvæmt samningi þess-um, með því móti, að þeir seti hið „sameinaða gufuskipa-félag“ í sinn stað, tekst greint félag á hendur allar þær skyldur gagnvert dómsmálastjórninni, er samkvæmt þessum samningi hvíla á tæðu verzlunarfélagi.“

Þegar búið er að rita þetta á samninginn, búumst vèr við, að hann verði sendur hingað aptur.

8. Bréf kirkju- og kennslustjórnarinnar til stiðtsyfirvaldanna á Íslandi, um að leggja $\frac{2}{3}$ úr Sigurðarstöðum til Presthóla brauðs.¹

19. febrúar.

Samkvæmt þegnlegum uppástungum kirkju- og kennslustjórnarinnar hefir hans hátign konunginum þóknast að úrskurða

¹) smbr. bréf kirkju- og kennslustjórnarinnar 9. júlímán. 1860, er birtir konungsúrskurð 8. maímán. s. á um sameiningu Múla og Nes brauðs í Þingeyjarsýslu, l. b. 371. bls.